ÍSAT-nr.	Heiti atvinnugreinar	Áætluð tíðni eftirlits/ár	Árlegur eftirlits- og sýnakostnaður kr.
41.00.0.4	Vatnsveitur 5.000-10.000 íbúa	4	142.800
41.00.0.6	Vatnsveitur 501-1.000 íbúa	1	43.400
41.00.0.7	Vatnsveitur, einka	0,5	14.700
17.10.0.2	Vefnaðar- og spunaverksmiðjur	1	26.600
52.49.9.1	Véla- og tækjasölur	0,5	20.300
29.11.0.0	Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	1	15.400
35.11.0.2	Viðhald og niðurrif skipa	1	21.000
15.20.6.1	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	1	21.000
15.20.6.2	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	1	21.000
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	43.400
25.21.0.2	Vinnsla með plast- og frauðefni	1	16.800
85.11.4.4	Vistheimili	0,5	9.100
28.73.0.1	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	1	15.400
63.21.0.1	Vöruflutningamiðstöðvar	1	32.200
63.12.0.1	Vörugeymslur, litlar	1	18.200
63.12.0.2	Vörugeymslur, miðlungs	1	26.600
63.12.0.3	Vörugeymslur, stórar	1	32.200
85.14.9.3	Yogastofur, heilun o.fl.	0,25	3.850
93.01.0.1	Þvottahús	0,25	3.850
93.01.0.0	Þvottahús og efnalaugar	0,5	9.100
75.25.0.1	Æfingasvæði slökkviliðs	0,25	4.550
80.41.0.0	Ökuskólar, flugskólar o.fl.	0,25	4.550
80.42.9.0	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	0,25	4.550
15.20.9.0	Önnur ótalin fiskvinnsla	1	18.200
52.27.0.0	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	1	33.600

10. desember 2001 Nr. 943

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Norðurlandi vestra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr. 5.760
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 4.200
Gjald vegna vottorða s.s. tóbakssöluleyfi	kr. 6.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með sviputum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið inn eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, eða uppfyllir 12. gr. reglugerðar númer 786/1999, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	eitt tímagjald

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt tímagjald

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	eitt tímagjald

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 1. ágúst ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

8. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

9. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 734 frá 1999 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit á Norðurlandi vestra.

Sauðárkróki, 10. desember 2001.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra,

Sigurjón Þórðarson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI A

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Apótek	14.400	Fjallaskálar, minni	3.600
Apótek, lítil	5.702	Flugvellir	10.800
Áfengisverslun	12.960	Framköllun	3.900
Áhaldahús sveitarfélags	14.400	Framleiðsla á dýrafóðri	21.600
Bakarí, lítið	18.720	Framleiðsla á kornvörum og pökkun	23.040
Bakarí, miðlungs	37.440	Framleiðsla á umbúðum sem koma í snertingu við matvæli	8.640
Bensínstöðvar	18.720	Framleiðsla gæludýrafóðurs	3.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	8.640	Framleiðsla tilbúinna rétta	23.040
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	14.400	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu, lítil	8.640
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	23.040	Garðaúðun	7.200
Bifreiðasprautun	20.160	Gistiskálar og gistiheimili án veitingasölu, lítið	8.640
Blikksmiði	10.080	Gúmmívinnsla	4.752
Bón- og bílaþvottur, handvirk	3.600	Hárgreiðslustofur	8.640
Brauðgerð, kleinur o.fl.	7.200	Heildverslun með hreingerningarefni	8.640
Byggingavöruverslanir, litlar	7.200	Heilsugæslustöðvar - litlar	14.400
Byggingavöruverslanir, stórar	14.400	Hestamiðstöð	7.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	8.640	Hjólbarðaverkstæði	7.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	28.800	Hótel og gististaðir án veitingasölu	14.400
Dvalar- og hjúkrunarheimili, /án mötuneytis	34.560	Hótel og gististaðir með veitingasölu	46.080
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með fullbúnu eldhúsi	48.960	Hótel og gististaðir með veitingasölu, minni	34.560
Fangaklefar	15.840	Íþróttahús, lítil	14.400
Farfuglaheimili og fjallaskálar, stærri	14.400	Íþróttahús, miðlungs	20.160
Félagsheimili með eldhúsi	20.160	Íþróttahús, stór	23.040
Félagsheimili með eldhúsi, lítil	7.200	Kaffisala - sumaropið	7.200
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	14.400	Kirkjur	3.600
Fiskeldi, lítið	11.520	Kítin og kítosan framleiðsla	146.000
Fiskeldisstöðvar	23.040	Kjötvinnsla, lítil	46.080
		Krár, kaffihús án matsölu	18.720

Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.	Atvinnugreinar	Nýtt gjald kr.
Krydd og bragðefnavinnsla, lítil	18.720	Sláturhús, lítil	18.720
Krydd og bragðefnavinnsla, miðlungs	37.440	Sláturhús, stór	37.440
Krydd og bragðefnavinnsla, stór	48.960	Snyrtistofur	8.640
Lagmetisframleiðsla, lítil	14.400	Sorpflutningar og sorphirða	25.920
Leikskólar með eldhúsi	31.680	Sorphaugar 2. fl.	146.000
Leikskólar með eldhúsi, minni	23.040	Sorphaugar 3. fl.	110.000
Líkamsræktarstöðvar, litlar	17.280	Sólbaðstofur	14.400
Ljósmyndastofur með framköllun	3.960	Spennistöðvar	8.640
Loðdýrabú, lítið	3.600	Sultu- og ávaxtagrautargerð	40.320
Loðdýrabú, stórt	7.920	Sumarbúðir	21.600
Matsölustaðir, litlir	34.560	Sundstaðir, litlir	20.160
Matsölustaðir, miðlungs	40.320	Sundstaðir, miðlungs	28.800
Matsölustaðir, stórir	48.960	Söfn	7.200
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	28.800	Söluturnar án óvarinna matvæla	7.200
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	43.200	Söluturnar með óvarin matvæli	15.840
Matvöruverslun án vinnslu, stór	69.120	Tannlæknastofur	8.640
Málningaraðstaða	3.600	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	7.200
Meðferðarheimili fyrir börn og unglinga	21.600	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	14.400
Mjólkurbú	172.800	Trésmíðaverkstæði, lítið	7.200
Mjólkurbú og ostagerð	345.600	Trésmíðaverkstæði með lökkun	21.600
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið	23.040	Útihátíðir	14.400
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt	46.080	Vatnsaflsvirkjanir >50 MW	63.360
Nuddstofur	7.200	Vatnsaflsvirkjanir 10 - 50 MW	31.680
Olíumalar- og malbikunarstöðvar	21.600	Vatnsaflsvirkjanir 2 - 10 MW	25.920
Ostagerð	172.800	Vatnsveitur <500 íbúa	14.400
Prentiðnaður, lítill	7.200	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	64.800
Prentiðnaður, miðlungs	20.160	Vatnsveitur 500 - 2000 íbúa	28.800
Sala á tilbúnum mat, lítil	14.400	Veitingasöluvagnar	5.040
Sala eiturefna og hættulegra efna	14.400	Verkstæði fyrirtækja	9.360
Sjúkrahús, með fullbúnu eldhúsi	63.360	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	17.280
Sjúkraþjálfun	7.200	Viðgerðaraðstaða	5.040
Skólar án mötuneytis	14.400	Vinnsla á fiski, lítil	7.200
Skólar án mötuneytis, litlir	4.320	Vinnsla á fiski, miðlungs	20.160
Skólar með fullbúnu eldhúsi	31.680	Vinnsla á fiski, stór	37.440
Skólar með móttökueldhúsi	23.040	Völuflutningamiðstöðvar	15.840
Skólar, framhalds- og háskólastig með fullbúnu eldhúsi	46.080	Völuflutningamiðstöðvar, litlar	7.200
Skyndibitastaðir, litlir	20.160	Þvottahús og efnalaugar	8.640

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Akranesveitu.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.